SKÓLALÍFIÐ Í OKTÓBER

Lifa, leika og læra

Kæru foreldrar og forsjáraðilar.

Þetta fyrsta fréttabréf er í raun þrefalt og nær yfir ágúst, september og október. Framtíðarfréttabréf verða minni í sniðum og koma út mánaðarlega. Hér segjum við frá starfinu, því sem er í vinnslu og því sem er framundan, með upplýsingum sem nýtast ykkur og börnunum.





Hreyfing og samvera í september. Myndir úr skólastarfinu.

Ólympíuhlaup: hreyfing og samvera

373 nemendur hlupu samtals **1.297 kílómetra**.

Allir bekkir tóku þátt í Ólympíuhlaupi ÍSÍ 23. september. Leiðirnar voru frá einum upp í 4,5 kílómetra. Starfsfólk hljóp með nemendum eða sá um brautargæslu og heilsueflandi teymið hafði umsjón með framkvæmdinni. Við endamarkið í Grænuklauf var tekið á móti þátttakendum með góðri stemningu og eplasafa.

Göngum í skólann

Árskóli tók þátt í Göngum í skólann og hýsti setningu verkefnisins 4. september. Þar var hreyfing og umferðaröryggi í fyrirrúmi. Við hvetjum fjölskyldur til að halda áfram að ganga eða hjóla í skólann þegar aðstæður leyfa.

Gestir frá Danmörku

Dagana 14.-17. september fengu 10. bekkingar danska gesti í heimsókn. Slíkt skólasamstarf gefur nemendum tækifæri til að kynnast jafnöldrum frá öðru landi og nota tungumál við raunverulegar aðstæður. Við þökkum öllum sem komu að heimsókninni.

Mynd og frétt um hlaupið: arskoli.is

ÚR KENNSLUSTOFUNUM

Sköpun, nám og vellíðan



Verkefni 6. bekkinga. Mynd af heimasíðu Árskóla. Lesa fréttina

Sjáðu styrkleikann í Njálu

Nemendur í 6. bekk hafa fræðst um Njálu og unnið með bókmenntahugtök og ritun. Þau völdu sér persónu úr sögunni, teiknuðu hana og mátu styrkleika hennar: samkennd, félagsfærni, sjálfstjórn og góðvild.

Persónuspjöldin voru innblásin af Pokémon-spjöldum. Verkefnið er skemmtilegt dæmi um hvernig bókmenntir, sköpun og umræða um samskipti fara saman.

Íslenska æskulýðsrannsóknin - líðan nemenda

Íslenska æskulýðsrannsóknin frá vori 2026 gefur mikilvæga innsýn í upplifun nemenda. Niðurstöður fyrir Árskóla eru ítarlegar og hér eru aðeins nokkur dæmi.

Í 6.-10. bekk líkar 92% nemenda mjög vel eða þokkalega í skólanum og 90% líður vel í kennslustundum. Í 4.-5. bekk líður 91% nemenda vel í frímínútum.

Þótt hlutföll yfir 90% séu há viljum við vera enn nær 100%. Við þurfum að huga að þreytu, hávaða og því að allir hafi fullorðinn í skólanum sem gott er að leita til. Í 6.-10. bekk segjast 56% geta leitað til slíks aðila. Við þurfum öll, foreldrar og starfsfólk, að taka höndum saman og benda börnunum á til hvaða fullorðinna þau geta leitað í skólanum. Niðurstöðurnar hafa verið ræddar á stigsfundum og nýtast í áframhaldandi vinnu.

Tölurnar byggja á svörum nemenda vorið 2026 og eiga við þá aldurshópa sem tilgreindir eru.

Niðurstöður á landsvísu má lesa á iae.is.

Matsferill - niðurstöður

Forsjáraðilar geta nálgast niðurstöður barna sinna úr Matsferli með innskráningu á **island.is → Mínar síður**. Þar má sjá birtar niðurstöður lesfimiprófa. Einnig eru þar niðurstöður stöðu- og framvinduprófa í lesskilningi og stærðfræði frá mars 2026, hjá þeim nemendum í 4.-10. bekk sem tóku prófin.

Hafið samband við umsjónarkennara ef niðurstöður finnast ekki eða ef þið viljið ræða þær. Þær hjálpa okkur að velja stuðning og viðfangsefni sem hæfa stöðu barnsins.

Nánar um Matsferil og niðurstöður

ÚR TEXTÍLKENNSLUNNI

Króksi og fleiri furðuverur

Króksi, lukkudýr Tindastóls, hefur fengið nýtt form í textílkennslunni. Í bakgrunni má sjá ýmsar aðrar skemmtilegar verur. Skyldu þær fara á stjá á hrekkjavöku?






Hrekkjavaka föstudaginn 30. október

Skyldu þessar furðuverur láta sjá sig í skólanum?

Króksi úr textílkennslunni og svipmyndir af hrekkjavökubúningum.

Formenn 10. bekkjar kjörnir

Mánudaginn 14. september fór fram formannskjör í 10. bekk. **Björgvin Skúli Hauksson og Pálína Petra B. Magnúsdóttir** eru formenn skólaárið 2026-2027. Við óskum þeim til hamingju með kjörið og hlökkum til að vinna með þeim að félags- og fjáröflunarstarfinu í 10. bekk.

Fyrsta embættisverk þeirra Björgvins og Pálínu var að bjóða danska nemendur og kennara þeirra velkomna í árlega heimsókn í Árskóla.

Rödd nemenda: símareglur og forvarnir

Stjórn nemendafélagsins fundaði 5. október. Fulltrúar ræddu útfærslu símareglna, meðal annars geymslu síma, og lýstu ánægju með fleiri leiki og afþreyingu í frímínútum. Þeir óskuðu einnig eftir kynningu á nýjum námsmatskvarða.

Nemendur kalla eftir aukinni kynfræðslu og fræðslu um áhættuhegðun, vímuefni, veip og nikótínpúða. Þeir vilja ræða hraðakstur ungmenna við lögregluna og fá kynningu frá nýjum skólahjúkrunarfræðingum. Í október vinna 9. bekkingar verkefni Forvarnardagsins og fá forvarnarfræðslu. Fulltrúar lögreglunnar eru einnig væntanlegir á unglingastig.

SKÓLI OG HEIMILI

Upplýsingar og samstarf

Góð samskipti skóla og heimila styðja við nám, líðan og þátttöku barnanna.

Heimasíðan okkar

Ný heimasíða verður í smíðum í vetur. Núverandi síða verður áfram notuð þar til sú nýja tekur við. Þar er margt gagnlegt að finna, meðal annars skóladagatal, reglur, fréttir og upptökur af árshátíðum í Árskólabíó. Skóladagatalið og Árskólabíó eru mest skoðaða efnið.

Leyfisbeiðnir fara í gegnum eyðublað á heimasíðunni.

Opna heimasíðu Árskóla

Námfús tekur við af Mentor

Sveitarfélagið hefur ákveðið að taka upp Námfús í leik- og grunnskólum Skagafjarðar. Kerfið mun taka við af Mentor í Árskóla. Undirbúningur er hafinn og foreldrar og nemendur fá kynningu á breytingunni áður en nýja kerfið verður tekið í notkun.

Við væntum þess að kerfið auðveldi upplýsingagjöf og samskipti um skólastarfið.

Símareglur í vinnslu

Unnið er að símareglum sem eiga að liggja fyrir fyrir áramót. Við skoðum reynslu annarra skóla og viðmiðunarreglur. Drög verða kynnt þegar þau eru tilbúin til umræðu.

Vinna við einkunnakvarða

Innleiðingarteymi Árskóla vinnur með stjórnendum og kennurum að undirbúningi breytinga á námsmati. Ráðuneytið hefur lagt fram drög til umsagnar um talnaeinkunnir í stað bókstafa við brautskráningu úr 10. bekk vorið 2027. Foreldrar fá nánari upplýsingar þegar útfærslan liggur fyrir.

Tilkynning ráðuneytisins

Vikulegar fréttir og samtal

Foreldrar fá vikulega fréttir frá umsjónarkennurum um starfið og það sem er framundan. Lesið þær og hafið gjarnan samband með spurningar, ábendingar eða upplýsingar sem skipta máli fyrir líðan og nám barnsins.

Foreldrafélagið

Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn 22. september og stjórn kjörin. Karítas S. Björnsdóttir er formaður. Á fundinum var meðal annars ákveðið að halda áfram öskudagsskemmtun og maraþonbolum fyrir 1.-4. bekk. Félagsgjald var samþykkt 3.500 krónur. Við þökkum foreldrum fyrir samstarfið.

Fundargerðir félagsins eru á heimasíðu skólans. Skoða fundargerðir

Foreldrar í skólaráði

Karítas S. Björnsdóttir og Sigurlaug Lilja Halldórsdóttir eru fulltrúar foreldra í skólaráði og koma að umræðu um starf og þróun skólans. Fundargerðir eru á heimasíðu Árskóla.

Fundargerðir skólaráðs

Aðstaða til kennslu

Fræðslunefnd Skagafjarðar fjallar um málefni skólanna. Á fundi 30. september tók hún fyrir áskorun skólaráðs Árskóla um þarfagreiningu vegna aðstöðu til náttúrufræði, tónmenntar og textílkennslu.

Nefndin tók undir mikilvægi fullnægjandi aðstöðu og óskaði eftir að stjórnendur vinni þarfagreiningu til að skýra þörfina og undirbúa næstu skref.

Fundargerð fræðslunefndar

NÆSTU VIKUR

Bleiki dagurinn 21. október

Við sýnum samstöðu með konum sem hafa greinst með krabbamein og aðstandendum þeirra.
Allir eru hvattir til að mæta í bleiku miðvikudaginn 21. október.

Vetrarfrí 15. og 16. október

Engin kennsla verður þessa daga. Við óskum nemendum og fjölskyldum ánægjulegs vetrarfrís.

Tónlist, leiklist og dans

Páll Óskar er væntanlegur og árshátíðir nálgast. Æfingar fyrir dansmaraþon 10. bekkinga hefjast í lok október. Maraþonið sjálft verður í byrjun nóvember og er hluti af fjáröflun þeirra. Nánari upplýsingar koma frá umsjónarkennurum og á heimasíðunni.

Hrekkjavaka verður í skólanum föstudaginn 30. október, þar sem 31. október ber upp á laugardag. Þann dag má búast við skuggalegum furðuverum í skólanum!

Öryggi

Akið varlega í nágrenni skólans.

Hugið vel að öryggi hjóla barnanna og minnið þau á að nota hjálm.

Ekki má stöðva nálægt gangbrautinni ofan við skólann, neðan við heimavist, til að hleypa börnum út úr bílum.



Búið er að setja upp hjartastuðtæki í matsal Árskóla, ofan við brunaslönguna. Stefnt er að fræðslu fyrir starfsfólk um notkun þess fljótlega.

Brunaæfing er framundan þar sem nemendur og starfsfólk æfa rýmingu skólans. Æfingin hjálpar okkur að þekkja leiðir út og bregðast rétt við ef á þarf að halda.

Við erum í góðu samstarfi við lögregluna, sem heimsækir bekki og fræðir nemendur.

Á 112-deginum heimsækja björgunarsveit, slökkvilið, sjúkraflutningar og lögregla skólann.

Skólasókn og leyfisbeiðnir

Góð skólasókn skiptir máli fyrir nám, tengsl og vellíðan. Skólasóknarreglur Skagafjarðar eru á heimasíðu skólans. Þegar óskað er eftir leyfi skal senda beiðni í gegnum eyðublaðið þar og gera ráðstafanir í samráði við umsjónarkennara svo barnið missi sem minnst úr námi. Foreldrar bera ábyrgð á námi barnsins meðan á leyfi stendur.

Verkefnahópur á vegum mennta- og barnamálaráðuneytisins hefur skilað ráðherra tillögum um samræmda skráningu og viðbrögð vegna skólasóknar. Áherslan er á að taka eftir vanda snemma og finna lausnir með börnum og foreldrum.

Skólasóknarreglur · Sækja um leyfi · Tillögur um skólasókn

Frábært fólk að baki skólastarfinu

Starfsfólk Árskóla starfar af fagmennsku og alúð með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Fagmennska og umhyggja starfsfólks eru grunnur að góðu skólastarfi. Takk, kæru foreldrar, fyrir samstarfið og traustið.

Kær kveðja,
Kristján Bjarni Halldórsson, skólastjóri

arskoli.is · arskoli@arskoli.is · Sími 455 1100